



Skólanefnd kom saman til fundar í fundarherbergi skólans, þriðjudaginn 15. október 2019, kl. 12.30

Fundarefni:

1. Skólahald haustannar
 - Nemendatölur
 - Mannahald
2. Verkefni haustannar
 - GoPro
 - Jafnlaunavottun
 - Persónuvernd
 - Gæðastjórnun
 - Mannauðskerfi Orra
3. Ráðstöfun styrks frá KS
4. Fjármál
5. Önnur mál

Afgreiðslur: Adolf boðaði forföll og Stefán Vagn var boðaður í hans stað. Gunnsteinn setti fund og bauð fundarmenn velkomna.

1. Kristján áfangastjóri fór yfir og kynnti nemendatölur haust 2019, alls eru 500 nemendur skráðir í skólann á haustönn. Hann fór yfir skiptingu nemenda eftir brautum, kyni auk þess var hann með ýmsar tölulegar upplýsingar. Nemendur í helgarnámi í húsasmíði og rafvirkjun eru alls 47. Ingileif skólameistari fór yfir mannahald á haustönn, einn kennari er í veikindaleyfi þessa önn og einn kennari í námsorlofi. Nýjir starfsmenn eru Trostan Agnarsson, Jenny Larson, Unnur Ólafsdóttir, Árni Páll Gíslason, Hákon Stefánsson, Rósa Adolfsdóttir og Torfi Ólafsson
2. Skólameistari sagði frá nýjum verkefnum haustannar. Jafnlaunavottun þarf að vera tilbúin fyrir áramót, Íris Helma Ómarsdóttir hefur verið ráðin til þessa starfs. Persónuverndarfulltrúi hefur verið ráðin, Lee Ann Maginnis. Gæðastjórnun og sjálfsmat tengist GoPro og er það starf i höndum Grétars



Karlssonar sem hefur verið ráðin á bókasafn skólans. Mannauðskerfið í Orra verður uppfært og settar inn frekari upplýsingar um starfsmenn.

3. Ingileif sagði frá því að skólinn fær að gjöf 10 mkr. frá Kaupfélagi Skagfirðinga í tilefni af 40 ára afmæli skólans. Skólanefnd þakkar KS fyrir höfðinglega gjöf í tilefni afmæli skólans

4. Guðrún fjárhaldsmaður fór yfir fjárlagatillögur 2020, fjárframlög til skólans skv. þeim eru 779,1 m.kr. að fráteknum sértekjum og búnaðarkaupum, 691,7 m.kr.

5. Farið var yfir tækjakaup á skólaárinu. Skólinn hefur fengið samþykka Erasmus umsókn um að senda kennara til Evrópu á ráðstefnu um upplýsingatækni. Ingileif sagði frá samstarfi skólans við fjarmenntaskólann. Menntamálaráðuneytið hefur sett verk og starfsnám í forgang. Fjarmenntaskólarnir hafa ákveðið að og ráða starfsmann í 50% starf til að vinna að eflingu verk og starfnáms. Sigríður Svavarsdóttir hefur verið ráðin í hlutastarf hjá Fjarmenntaskólanum. Umræður urðu um verk og starfsnám. Ingileif sagði frá því að hún, Þorkell aðstoðarskólameistari og Kristján áfangastjóri eru að fara á ráðstefnu um upplýsingatæknimál til Kína, en ráðstefnan er á vegum félags stjórnendar í framhaldsskólum. Skólinn er aðili að 5 evrópu verkefnum.

Fleira ekki gert og fundi slitið,

Helga Sigurðardóttir fundarritari,

Gunnsteinn Björnsson,

Unnur Valborg Hilmarsdóttir,

Guðný Axelsdóttir,

Kristján B. Halldórsson,

Guðrún Ottósdóttir,

Ingileif Oddsdóttir,

Stefán Vagn,

Kolbrún María Sæmundsdóttir,

Þorkell V. Þorsteinsson,

Sigríður Svavarsdóttir.

Póstfang /adress
number

Bóknámshúsinu
550 Sauðárkrókur

Símanúmer /phone

455 8000

Fax

455 8099

Netfang/e-mail adress

fnv@fnv.is

Kennitala/id-

431080-0289